

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari viðaukum og breytingum, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í kafla I í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 213 14. október 1965.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. febrúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

ARÐSKRÁ

fyrir Veidifélag Breiðdæla.

	Einingar
1. Ós	7.0
2. Lágafell	2.0
3. Eyjar	4.5
4. Skjöldólfsstaðir	5.0
5. Fagridalur	5.0
6. Brekkuborg	6.0
7. Randversstaðir	0.2
8. Skriða	0.4
9. Skriðustekkur	0.4
10. Flaga	2.0
11. Ánastaðir	2.1
12. Þorgrímsstaðir	0.6
13. Höskuldsstaðasel	1.2
14. Höskuldsstaðir	0.8
15. Jórvík	1.0
16. Ásunnarstaðir	1.5
17. Ásgarður ásamt Dísastöðum	1.0
18. Hóll	1.5
19. Innri- og Ytri-Kleif og Kleifarstekkur	16.4
20. Skarð	2.0
21. Tóarsel og Engihlið	4.0
22. Þorvaldsstaðir I og II og Tungufell	4.0
23. Hliðarendi I	1.6
24. Þrastahlið (Hliðarendi II)	1.6
25. Gilsá	3.2
26. Gilsárstekkur	3.2
27. Heydalir	16.4
28. Fellsás	0.8
29. Fell	0.8
30. Ormsstaðir	0.2
31. Þverhamar	3.6

Samtals 100.0

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53, 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytinu, 28. febrúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt á Ísafirði.

Fasteignaskatt á Ísafirði skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Migneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 6.80 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 3.40 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 19.00 á hvern fermeter gólfflatar í rúmi því er lýsa skal.

Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 9.50 á ári af hverjum fermeter.

B. Raforka til almennar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst., auk fastagjalds kr. 16.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi og geymslur. Herbergi sem minna er en 5 ferm., skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun o. fl.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.40 hverja kwst. Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 1940.00 á hvert uppsett kw.